

## Umsögn Sjúkraliðafélags Íslands um þingskjal 1168 — 771. mál.

### Frumvarp til laga um dánaraðstoð

Sjúkraliðafélag Íslands styður umrædd frumvarp þar sem markmiðið er annars vegar að heimila einstaklingum sem glíma við ólæknandi sjúkdóm og búa við ómeðhöndlanlega og óbærilega þjáningu að þiggja dánaraðstoð og hins vegar að heimila læknum, að nánari skilyrðum uppfylltum, að veita slíka aðstoð.

Í könnun sem var gerð á meðal 400 sjúkraliða (alls tóku 111 svarenda afstöðu) í maí 2023 um afstöðu til dánaraðstoðar kom fram að 81% sjúkraliða voru hlynntir (alfarið, frekar eða mjög) dánaraðstoð, 12% hvorki né og 7% andvíg (alfarið, frekar eða mjög).

Í störfum sínum hafa sjúkraliðar ætíð lagt mikla áherslu á sjálfsákvörðunarrétt sjúklinga og telur að þetta frumvarp mæti vel slíku sjónarmiði. Þá er nálægð sjúkraliða yfirleitt mjög mikil við sjúklinga sína og skjólstæðinga og tekur því félagið undir að þörf er á slíku úrræði í íslenskri löggjöf. Með skýrum lagamma væri hægt að skapa mannúðlegra umhverfi lífslokameðferðar og efla frelsi einstaklingsins að því er varðar eigið líf og líkama eins og segir í frumvarpinu.

Skilyrði dánaraðstoðar og virkt eftirlit með henni er að sjálfsögðu grundvallaratriði sem Sjúkraliðafélag Íslands leggur mikla áherslu á að séu virt í allri framkvæmd.

Í 5. gr. frumvarpsins segir m.a. að þegar sjúklingur óskar dánaraðstoðar skal slíkt vera vottað skriflega í viðurvist tveggja óháðra *heilbrigðisstarfsmanna* hið minnsta. Þá sé *öðrum heilbrigðisstarfsmönnum heimilt að veita lækni liðsinni* við dánaraðstoð séu skilyrði laganna uppfyllt. Tekur það meðal annars til afhendingar á lyfjum og þeim búnaði sem læknir telur nauðsynlegan og til þess að veita sjúklingi fræðslu og ráðgjöf í tengslum við ákvörðun sína.

Í 2. tölulið 2. gr. frumvarpsins er *heilbrigðisstarfsmaður* skilgreindur sem einstaklingur sem starfar við heilbrigðisþjónustu og hefur hlotið leyfi landlæknis til að nota starfsheiti löggiltrar heilbrigðisstéttar.

Slíkt getur því átt við sjúkraliða enda hafa þeir tilheyra þeir til löggiltrar heilbrigðisstéttar sem hefur leyfi landlæknis.

Í því ljósi leggur Sjúkraliðafélagið á tryggt verði viðeigandi fræðsla, þjálfun og stuðningur fyrir þá heilbrigðisstarfsmenn sem gætu komið að þessari framkvæmt. Um er að ræða, eðli málsins samkvæmt, alvarlegt inngríp sem getur haft talsverð áhrif á viðkomandi heilbrigðisstarfsfólk. Þá skiptir að sjálfsögðu máli að hlutaaðeigandi heilbrigðisstarfsmaður hafi færni til að sinna umræddu hlutverki.

**Virðingarfyllt,**

**Sandra B. Franks, formaður Sjúkraliðafélags Íslands**